



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Seljakot og Seljaborg

2025 – 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
1.1	Nýir stjórnendur	5
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	5
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	8
4	Innra mat Kot, Sel og Ból 2024-2025.....	9
5	Umbótaáætlun Kot, Sel og Ból 2025-2026	10
6	Innra mat Móa og Mýri 2024-2025	11
7	Umbótaáætlun 2025-2026 Mýri og Mói	14
8	Innra mat Lækur og Tjörn 2024-2025.....	14
9	Umbótaáætlun Lækur og Tjörn 2025-2026.....	17
10	Innra mat Lundur 2024-2025	18
11	Umbótaáætlun Lundur 2025-2026.....	20
12	Innra mat sérkennslu Seljakots og Seljaborgar	21
13	Umbótaáætlun 2025-2026.....	21
14	Innra mat fjölmenningar Seljakots og Seljaborgar	22
15	Umbótaáætlun 2025-2026	23
16	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.	24
17	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	24
18	Foreldrasamvinna.....	25
19	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	26
20	Fylgiskjal	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.



1 Greinargerð leikskólastjóra

Enn á ný er komið að nýju starfsári. Eins og ávallt voru verkefni síðasta starfsárs fjölbreytt, krefjandi og skemmtileg. Hefðbundin verkefni sem snúa að uppeldisstarfinu, rekstri leikskólanna, starfsmannahaldi og foreldrasamstarfi voru á sínum stað ásamt mörgum nýjum og óvæntum verkefnum.

Skipulagsdagar voru mjög vel nýttir til endurmenntunar má m.a. nefna Útinám, Mál og læsi, Verkfærakistuna, Vellíðan og hlutvek kennara, Aðalnámskrá leikskóla og Grænu skrefin og fleira.

Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um hvernig rekstri Seljaborgar og Seljakots verði háttað í framtíðinni. Fyrirhugað er að fjölga börnum og bæta starfsmannaaðstöðu í Seljaborg. Við sem störfum í Seljaborg erum afar ánægð enda löngu orðið tímabært að bæta vinnuaðstöðu starfsmanna. Með nýju húsnæði fáum við rúmgóða kaffistofu, undirbúningsherbergi og góða fundaraðstöðu. Í nýbyggingunni er gert ráð fyrir einni deild og fjölgar þá börnunum í Seljaborg, börnin verða þá um það bil 65. Framkvæmdir áttu að hefjast í sumar en þegar þetta er skrifað þá eru framkvæmdir ekki byrjaðar.



Á starfárinu var starfsmannahald mjög stöðugt, bæði í Seljakoti og Seljaborg. Stjórnendur leggja metnað sinn í ráða áhugasama og góða kennara sem falla vel í inn í hópinn. Það er mín upplifun að í báðum skólum starfa metnaðarfullir og jákvæðir kennarar með faglega sýn, kennarar sem eru frábærir í að hugsa i lausnum og hlúa að og mennta börnin. Enn eru lausar stöður við báða skólana, við höldum áfram að auglýsa í lausar stöður og vonum það besta.

Vinna við nýja sameiginlega skólanámskrá Seljakots og Seljaborgar gekk vel á starfsárinu. Starfshópurinn hefur skilað af sér drögum til SFS og bíður eftir endurgjöf, í kjölfarið höldum við vinnunni áfram og vonumst til að ný skólanámskrá líti dagsins ljós í upphafi vorannar. Auk starfshópsins tekur allt starfsfólk Seljakots og Seljaborgar taka þátt í gerð skólanámskrárinnar.

Við upphaf starfsáris stíg ég upp úr stól leikskólastjórans og gerist heldri borgari í hlutastarfi. Hulda Karen tekur við keflinu og Sara Rós hefur verið ráðin aðstoðarskólastjóri. Ég er þó ekki tilbúin að kveðja starfið alveg strax og ætla að vera áfram á hliðarlínunni.



Ég er gríðarlega ánægð með að Hulda og Sara taki við keflinu. Þær eru metnaðarfullar, faglegar og jákvæðar. Báðar hafa þær unnið með mér í mörg, mörg ár – fyrst í Seljakoti og síðar í Seljakoti & Seljaborg. Þær þekkja því skólasamfélagið, kennslu- og uppeldisstarf, skólabrag og menningu skólanna mjög vel.

Að baki er langur og afar farsæll starfsferill. Fyrstu árin starfaði ég sem leikskólakennari en lengst af sem skólastjóri, þar af hef ég verið 29 ár í Seljakoti en skólinn fagnar 30 ára afmæli í september á næsta ári. Haustið 2020 tók ég einnig við Seljaborginni og hef átt góðar og farsælar stundir þar.

Ég á því láni að fagna að með mér hefur unnið frábært fagfólk sem hefur hjálpað mér að byggja upp metnaðarfull, skemmtilegt og frábært skólasamfélag. Í báðum skólum er því menning, gleði og metnaður sem mun halda áfram að blómstra undir stjórn þeirra Huldu og Söru – það er ég alveg viss um!

Ég hef einnig átt faglegt og gott samstarf við foreldra, yfirmenn SFS og aðra sérfræðinga sem að skólasamfélaginu koma, og mun það halda áfram þó ég stígi upp úr stól leikskólastjórans.

Ég hlakka til tímamótanna, að eiga fleiri stundir fyrir mig og mína en halda samt sem áður áfram að vera hluti af stjórnendateymi Seljakots og Seljaborgar.

Sigríður Kristín Jónsdóttir





1.1 Nýir stjórnendur

Við erum tvær nýjar í stjórnendateymi leikskólanna og munum að sinni ekki leggja áherslu á miklar breytingar. Markmiðið er fremur að byggja á þeim styrkleikum sem þegar einkenna Seljakot og Seljaborg og vinna áfram með það góða starf sem er í gangi.

Lykilatriði er að starfsfólk hafi skýr hlutverk og upplifi stuðning, virðingu og traust í starfi. Áfram verður lögð sérstök áhersla á vellíðan og jákvæð samskipti, þar sem það er forsenda farsæls skólastarfs og skapar börnum öruggt og hvetjandi umhverfi til náms og leiks.

Við erum báðar í námi í stjórnun menntastofnana og mun þekkingin úr náminu nýtast beint í starfið. Markmiðið er að styðja við faglega þróun skólanna, efla forystu, faglegt starf og vinna áfram á uppbyggilegum og markvissum grunni. Áhersla verður lögð á faglegt samtal, samvinnu, lærdómssamfélag og framsækna sýn á nám og leik.

Við hlökkum til samstarfs við starfsfólk og foreldra og sjáum fram á jákvætt, metnaðarfullt og árangursríkt skólaár þar sem leikskólarnir halda áfram að dafna og blómstra.

Hulda Karen & Sara Rós

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

2.1 Innra mat

Hvað var metið?	Styrkja deildastjóra, efla fagmennsku þeirra og deila þekkingu.
Hvernig fór matið fram?	Matið fór fram í viðtölum milli deildarstjóra og stjórnenda, meðal annars í starfsmannasamtölum.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Stjórnendur skólanna og deildastjórar
Helstu niðurstöður mats	Helstu niðurstöðurnar voru þær að deildarstjórar voru mjög ánægðir með þá ákvörðun að halda sameiginlega deildarstjórafundir fyrir báða skólana. Þeir lýstu því að mikill styrkur fælist í því að geta átt fagleg samtöl á jafningjagrundvelli, auk þess sem sameiginlegir fundir sköpuðu tækifæri til að deila þekkingu og reynslu sín á milli.

Hvað var metið?

Fagmennska og samstarf. Vellíðan og heilbrigði





Hvernig fór matið fram?	Við nýttum okkur niðurstöður úr Stofnun ársins könnun, sem framkvæmd er árlega, auk upplýsinga úr starfsmannasamtölum.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Flest allir starfsmenn skólanna
Helstu niðurstöður mats	Helstu niðurstöður matsins sýna að starfsfólki virðist líða vel í starfi, samkvæmt niðurstöðum úr starfsmannakönnun og þeim upplýsingum sem fram komu í starfsmannasamtölum. Almenn ánægja starfsfólks var áberandi í báðum tilvikum.

Hvað var metið?	Græn skref
Hvernig fór matið fram?	Fyllt var út í þar til gert skjal sem fylgir vinnu í grænum skrefum. Skjalið hjálpaði okkur að sjá hvað hefur verið gert og hvað þarf að bæta.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Teymið sem vinnur að Grænum skrefum í skólanum tók þátt í matinu ásamt fulltrúa frá Reykjavíkurborg. Hann fór yfir listana með okkur og skoðaði húsið til að sjá hvort verklagið væri í lagi.
Helstu niðurstöður mats	Skólinn hefur lokið fyrstu tveimur skrefum Grænna skrefa og fengið viðurkenningu fyrir það. Verkefnið hefur aukið vitund starfsfólks um umhverfisvæn vinnubrögð, sorpflokkun og orkusparnað. Næstu skref eru að halda áfram innleiðingunni, efla umhverfisvitund og tryggja að allir taki virkan þátt.

Hvað var metið?	Ný skólanámskrá
Hvernig fór matið fram?	Vinna við nýja skólanámskrá fór fram veturinn 2024–2025. Starfsfólk skólans var fyrst í rýnihópum þar sem





	rætt var um hvaða áherslupættir væru mikilvægastir. Að því loknu tók námskrárnefnd við, vann úr niðurstöðum hópanna og setti efnið saman í samfelldan texta.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allt starfsfólk skólans tók þátt í vinnunni.
Helstu niðurstöður mats	Ný skólanámskrá hefur verið send inn til yfirlestar til leikskólaráðgjafa.

2.2 Ytra mat

Hvað var metið?	Foreldrakönnun
Hvernig fór matið fram?	Könnun á vegum SFS
Hverjir tóku þátt í matinu?	Foreldrar og forráðamenn
Helstu niðurstöður mats	Mikil ánægja ríkir með starfsemi leikskólanna, skólabrag og viðmót starfsmanna. Foreldrar telja börnunum líða vel og að starfsfólk þekki þarfir þeirra vel. Niðurstöðurnar verða kynntar á haustönninni og unnið verður með þær í framhaldinu.

Hvað var metið?	Starfsmannakönnun
Hvernig fór matið fram?	Könnun á vegnum Stofnun ársins
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsmenn leikskólanna
Helstu niðurstöður mats	Niðurstöðurnar gefa til kynna að góður starfsandi ríki innan skólanna. Markmið starfsins eru skýr, starfsfólkið er fjölbreyttur og metnaðarfullur hópur og almennt er talið að skólunum sé vel stjórnað. Kennarar lýsa ánægju með störf sín og eru stoltir af starfi sínu. Það sem kom síður vel út tengist sveigjanleika í starfi, launakjörum og starfsaðstöðu. Niðurstöðurnar verða kynntar á haustönninni og unnið verður með þær í kjölfarið.





3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Regnbogavottun: styður réttindi og jafnrétti hinsegin fólks, skapar öruggt og virðingarfullt umhverfi og vinnur gegn fordómum. Hún eykur fjölbreytileika og samfélagslega ábyrgð.
Tækifæri til umbóta - Hvaða árangri er stefnt að?	Við stefnum að því að skólarnir fái regnbogavottun, sem sýnir að í skólunum ríki virðing, öryggi og jafnrétti. Markmiðið er að skapa umhverfi þar sem allir geti notið sín án fordóma – við fögnum fjölbreytileikanum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Við fáum fræðslu fyrir allt starfsfólk frá Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Skólinn mun gera aðgerðaráætlun sem við vinnum eftir í ferlinu. Einnig verður útnefndur tengiliður og rýnihópur sem sjá um að halda utan um verkefnið og tryggja framvindu þess.
Ábyrgð	Skólastjórnendur og stýrihópur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 til maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið ?	Haldnir verða reglulegir fundir með rýnihópnum þar sem farið verður yfir framvindu og aðgerðaráætlun.
Viðmið um árangur - Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Við stefnum að því að skólarnir fái Regnbogavottun að loknu þessu ferli sem merki um árangur okkar í að skapa öruggt og virðingarfullt umhverfi.



4 Innra mat Kot, Sel og Ból 2024-2025

Útinám: Í heildina gekk útinám vel og börnin tóku reglulega þátt í því yfir skólaárið. Þau fengu tækifæri til að kynnst nærumhverfi sínu á fjölbreyttan hátt, meðal annars með úti-bingó, spilinu *Úti eru ævintýri* og með könnun og rannsókn á ýmsum stöðum í nágrenni skólans. Í vettvangsferðum nutu börnin sín vel og sýndu mikinn áhuga og forvitni

Styrkleikar

Útinám skilaði margvíslegum ávinningi. Börnin lærðu á og um nærumhverfi sitt, fengust við stærðfræðihugtök, máhljóð, liti, lífríkið og fleira. Útinámið hefur gengið það vel að það hefur náð festu í daglegu starfi skólans.

Skráningar: Skráningar voru nýttar til að skoða nám og ferli barna og veita bæði starfsfólki og foreldrum betri innsýn í daglegt starf leikskólans. Skráningarnar gengu ágætlega og voru unnar út frá verkum barnanna, leik og þátttöku þeirra í starfinu. Í skráningunum var meðal annars notast við opnar spurningar og virka hlustun til að dýpka skilning og greina áhuga barna.

Styrkleikar

Við urðum meðvitaðri um að fylgjast með og skrásetja sjálfsprottinn leik barna. Með því að beita virkri hlustun náðum við enn betur að koma til móts við áhugasvið barnanna. Uppeldisfræðilegar skráningar hafa alla jafna verið hluti af starfinu, en með aukinni áherslu á þær tókst okkur að dýpka skilning og innsýn í nám og þróun barnanna enn frekar.



Lýðræði og sjálfsprottinn leikur fengu meira rými í daglegu starfi á öllum deildum. Börnin fengu tækifæri til að velja sér svæði, leikefni og leikfélaga eftir eigin áhuga. Allt leikefni er sýnilegt og staðsett í hæð barnanna svo þau geti sjálf sótt það sem þau þurfa til að styðja við leikinn og þróa og dýpka.

Styrkleikar

Ávinningurinn felst í því að börnin fá að stýra leik sínum sjálf út frá eigin áhugasviðum. Með því að taka ákvarðanir á eigin forsendum eflast þau í sjálfstæði, sjálfstrausti og trú á eigin getu – bæði í leik og daglegu lífi.



5 Umbótaáætlun Kot, Sel og Ból 2025-2026

Deild/aldur barna	3-6 ára
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Samvinna milli deilda
Tækifæri til umbóta Að hverju er stefnt?	Skipta hópum eftir aldri og efla samstarf milli deilda. Með því fá börnin tækifæri til að kynnast börnum frá öðrum deildum og styrkja tengsl sín á milli. Jafnframt nýtist mannauðurinn betur, og starfsfólk fær tækifæri til að kynnast nýjum kennsluháttum og fjölbreyttum hugmyndum.
Aðgerðir til umbóta Hvernig á að framkvæma það?	Hefja skal skipulagningu á aldursskiptum hópum í Iðju, Smiðju og útinámi, með einum deildarstjóra í hverjum hópi. Börnin verða virk í ákvarðanatöku um verkefni og viðfangsefni þannig að starfið byggist á þeirra áhuga og frumkvæði. Sett verður upp skipulag fyrir heila önn í senn fyrir útinám, smiðju og iðju, sem gerir kleift að þróa og byggja áfram á verkefnum vikulega. Jafnframt verður unnið

	að gerð sameiginlegs deildarskipulags til að tryggja samræmi og samfellu í starfinu.
Ábyrgð	Allir starfsmenn á Seli, Bóli og Koti .
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – Vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Nýta skráningar kerfisbundið til yfirferðar og umræðu á hópstjórafundum. Halda einn sameiginlegan deildarfund á hverri önn.

6 Innra mat Móa og Mýri 2024-2025

Síðasta ár ákváðum við í Móa og Mýri að leggja áherslu á að bæta okkur í eftirfarandi þáttum:

Lýðræði: Við teljum að framfarir hafi orðið á þessu sviði og að börnin hafi nú skýrari rödd og raunveruleg áhrif í starfinu. Hlustað er á sjónarmið þeirra, og áhugi barnanna endurspeglast að mestu í daglegu starfi.

Styrkleikar

Lögð var áhersla á samvinnu og virðingu í starfinu. Efniviður og leikefni voru aðgengileg börnunum, og þau voru reglulega spurð um áhuga sinn og óskir varðandi leik og viðfangsefni. Hlustað var á sjónarmið þeirra, og skipulag stöðva tók mið af áhuga barnanna. Þau gátu valið sér viðfangsefni og dvalið mislengi á hverju svæði. Ígrundun og samskipti starfsfólks efdust með opnum umræðum og spurningum sem stuðluðu að faglegri þróun.



Málproski: Niðurstaðan var sú að deildin hafði unnið með málið á fjölbreyttan og markvissan hátt. Unnið var kerfisbundið að eflingu málproska, þar sem hugtök og orðaforði voru kynnt og útskýrð á einfaldan og skiljanlegan hátt. Myndræn gögn voru nýtt til að styðja við og dýpka skilning barnanna. Bækur, bæði að heiman og úr leikskólanum, voru aðgengilegar og samþættar daglegu starfi. Orð úr lesefni voru valin, útskýrð og myndræn framsetning notuð til að styrkja tengsl við merkingu þeirra. Unnið var með þulur og málhljóð á markvissan hátt. Börn og foreldrar völdu saman 2–3 mismunandi orð sem unnið var nánar með í skólanum. Einnig var hlustað á og sungið við fjölbreytta tónlist til að efla málskilning og tjáningu.



Styrkleikar

Myndræn gögn voru nýtt til að styðja við og skýra orðaforða, auk þess sem þau hjálpuðu til við að miðla skilaboðum og fyrirmælum. Börnin höfðu aðgang að efninu hvenær sem er og gátu skoðað eða lesið að vild. Lögð var áhersla á samtal og virka hlustun, og samskipti milli barna voru markvisst styrkt. Kennarar voru meðvitaðir um eigin samskiptahætti og nálgun gagnvart hverju barni. Samvinna og þátttaka foreldra hefur eflst í gegnum vinnu með málhljóðum Lubba, og teljum við að sá þáttur sé nú orðinn fastur hluti af starfinu.

Sköpun: Margbreytilegur, opinn og verðlaus efniviður, s.s. kassar, voru fastur hluti af leikstarfinu og nýttist bæði í sjálfsprottnum leik og í daglegu starfi. Börnin söfnuðu sjálf efnivið, meðal annars prik, steina og könglum, og unnu með hann á margvíslegan hátt. Lögð var áhersla á að hlusta á hugmyndir barnanna og gera þeim kleift að sjá þær verða að veruleika eins og kostur var.



Styrkleikar

Fylgt var eftir áhugasviði barnanna og efnið sem þau höfðu safnað var unnið og rannsakað nánar með fjölbreyttum hætti. Börnin fengu tækifæri til að prófa sig áfram og æfa notkun og meðhöndlun fjölbreytts efniviðar í skapandi og rannsakandi starfi.

Leikurinn: Við náðum markmiðum okkar í leiknum. Börnin fengu að velja sér svæði og leikefni sem þau vildu leika sér með. Allt leikefni er sýnilegt og í hæð barnanna svo þau geti sótt það sem þarf í leik þeirra.

Styrkleikar

Kennarar eru meðvitaðir um hlutverk sitt í leik barnanna og hvernig þeir geta best stutt við leik og þróun hans. Börnin fá tækifæri til að þróa og framkvæma eigin hugmyndir, og kennarar leggja áherslu á að skapa rými fyrir frumkvæði þeirra. Jafnframt meta kennarar með markvissum hætti hvenær þörf er á inngripi til að styðja börnin í leik eða aðstoða þau við verkefni sem reynast þeim krefjandi.

Útinám: Við náðum þeim markmiðum sem við höfðum sett okkur. Áætlað var að fara reglulega í útinám, sem tókst vel, og fengu börnin tækifæri til að kynnst nærumhverfi sínu. Við skráðum jafnframt niður upplifanir barnanna.



Styrkleikar

Börnin fengu tækifæri til að kynnst nærumhverfi sínu og unnu út frá eigin áhuga að því að safna fjölbreyttum efniviði, svo sem steinum, könglum og trjágreinum. Þau gátu þannig nýtt mismunandi efnivið til skapandi vinnu, bæði inni og úti.

Tækifæri til umbóta í Móa og Mýri

Í stuttu máli, erum við í Móa/Mýri sammála um að markmið sem voru sett voru í umbótarþætti 2024 - 2025 hafi verið uppfyllt eins og kostur var.

Tækifæri til umbóta:

Ákveðið var að vinna með og dýpka **skilning og orðaforða** er varðar umhverfi barnanna. Lögð verða inn stærðfræðihugtök í starfi með börnunum. Markmiðið er **að börnin kynnist einföldum grundvallar afstöðu- og staðsetningahugtökum í umhverfinu** (stærðfræði).



7 Umbótaáætlun 2025-2026 Mýri og Mói

Deild/aldur barna	1-3 ára
Umbótaþáttur / matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mannauður / leikskólabragur, innra mat)	Stærðfræði í umhverfi barna
Tækifæri til umbóta - Að hverju er stefnt?	Að börnin kynnist einföldum grundvallar afstöðu- og staðsetningahugtökum í stærðfræði.
Aðgerðir til umbóta - Hvernig á að framkvæma það?	Unnið verður markvisst að því að efla skilning barna á hugtökum bæði í leik og daglegum athöfnum, bæði inni og úti. Áhersla verður lögð á að kynna ný hugtök og tengja þau við umhverfi barnanna og leik þeirra. Myndræn gögn verða notuð til stuðnings hugtakanámi. Beitt verður einföldum og samræmdum reglum ásamt skýrum fyrirmælum til að tryggja skilning og festu í náminu.
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 / Vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtöl við börn)	Rætt á deildarstjórafundum sem verða haldnir einu sinni í mánuði. Þar verða einnig skráningar skoðaðar og ræddar. Beitt verður virkri hlustun.

8 Innra mat Lækur og Tjörn 2024-2025

Samstarf milli Læks og Tjarnar var gott og gekk afar vel. Deildarstjóri á Tjörn fór í fæðingarorlof í byrjun skólaárs og var því einn deildastjóri með báðar deildir. Starfið fór rólega af stað í byrjun skólaárs og var komið á gott skrið um áramót.



Sjálfspróttinn leikur: Deildarstarfið einkenndist að miklu leiti af sjálfspróttum leik. Í þeim leik tóku börnin sjálf frumkvæði án þess að fullorðnir stýrðu eða settu honum mörk. Þau fengu tækifæri til að fylgja eigin hugmyndum, móta reglur og þróa leikinn út frá sínum forsendum. Börnin ákváðu sjálf með hverjum þau vildu leika, hvaða efni við þau nýttu og hvernig leikurinn þróaðist.

Þessi nálgun er mikilvæg í leikskólastarfi þar sem hún styður við sköpunargleði, sjálfstæði og félagsfærni barnanna. Umhverfið var skipulagt með það að markmiði að skapa svigrúm til sjálfspróttins leiks og þar blómstruðu börnin. Þau tóku að sér áskoranir og lærðu í gegnum eigin reynslu.

Með því að leggja áherslu á sjálfspróttinn leik buðum við börnunum upp á frelsi til að kanna heiminn á eigin forsendum. Það styrkti sjálfstraust þeirra, samskiptafærni og gleði í leik og daglegu starfi.

Styrkleikar



Meiri leikgleði hjá börnunum og meira frelsi til sköpunar.



Þó að sjálfspróttinn leikur hafi orðið stór og mikilvægur hluti af starfinu, kom í ljós að kennarar voru ekki alltaf öruggir með hlutverk sitt í leiknum. Við lítum á þetta sem tækifæri til áframhaldandi þróunar og umbóta. Þar felst meðal annars að efla meðvitaða athugun kennara á leik barna og dýpka bæði skráningu og greiningu á því sem fram fer.

Með markvissari endurgjöf og að skapa rými fyrir dýpri samtöl við börnin má styðja betur við nám og þroska þeirra. Jafnframt er mikilvægt að efla faglegt samtal starfsfólks um hlutverk kennarans í sjálfspróttum leik til að tryggja samræmda og sameiginlega sýn innan teymisins.

Tækifæri til umbóta:

Hlutverk kennara í sjálfspróttum leik barna.

Lýðræði: Við lögðum áherslu á að börnin tækju virkan þátt í daglegu starfi með því að spyrja þau reglulega hvað þau vildu gera og hvað þeim fyndist skemmtilegt. Við upplifðum að þegar börnin fá tækifæri til að hafa áhrif á daginn eykst sjálfstæði þeirra og þau finna að skoðanir þeirra skipta máli. Slík þátttaka stuðlaði að aukinni gleði og sjálfstrausti barnanna.



Styrkleikar

Þetta styrkti sjálfstæði, sjálfsöryggi og gleði barnanna og skapaði umhverfi þar sem þau upplifðu að þau rödd þeirra skipti máli.

Hæglæti: Við höfum tileinkað okkur hæglætisnálgun í starfi með því að gefa börnunum rými og tíma til að njóta leiksins í ró og næði. Til dæmis leyfum við verkefnum þeirra að liggja óhreyfðum þegar kemur að skiptistundum, svo þau geti haldið áfram leiknum eða verkefninu þar sem frá var horfið. Með þessu veitum við leiknum aukið vægi og dýpri merkingu, sem styður við einbeitingu, sköpun og þrautseigju barnanna. Við stefnum að því að halda áfram að þróa þessa nálgun og efla hæglætið enn frekar í daglegu starfi.

Styrkleikar

Börnin fengu meiri svigrúm til að dýpka leikinn og verkefni án truflunar.





9 Umbótaáætlun Lækur og Tjörn 2025-2026

Deild/aldur barna	Lækur og Tjörn / 3-6 ára
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hlutverk kennara í sjálfsprottnum leik barna.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Kennarar séu meðvitaðri um það sem gerist í leik barnanna, tengist þeim á þeirra forsendum og taki virkan þátt í leiknum. Þeir styðji við leikinn með nærveru sinni og skrái það sem fram fer til að dýpka skilning á leik barna og þroska þeirra.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Á deildarfundum munum við leggja áherslu á að efla sameiginlega sýn á hlutverk starfsmanna í leik barnanna. Á fyrsta fundinum verður fræðsla um hlutverk og ábyrgð hvers starfsmanns í leiknum, þannig að allir viti hvað er ætlast til af þeim. Í framhaldinu mun hver kennari skila vikulegri skráningu þar sem hann fylgist með og tekur virkan þátt í leik barnanna.
Ábyrgð	Deildastjórar bera ábyrgð á fræðslu og ut anumhaldi, en hver starfsmaður ber ábyrgð að skila skráningum sínum vikulega
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í september 2025 og áætluð lok eru í maí 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildarstjórar útbúa spurningalista fyrir starfsmenn til stuðnings við skráningarvinnu. Hver starfsmaður framkvæmir eina skráningu á viku. Deildarfundir verða haldnir á þriggja vikna fresti þar sem farið verður yfir og rætt um skráningarnar. Að auki verða tveir sérstakir fundir á önn þar sem nýttar verða skráningar starfsmanna til að flokka börnin í félagshæfnis kvarða frá Kvan.



10 Innra mat Lundur 2024-2025

Nýr deildarstjóri tók við stjórn í Lundi í ágúst árið 2024. Flest börnin aðlöguðust nýju umhverfi fljótt og fundu öryggi til að kanna umhverfi sitt í leik og starfi. Hins vegar voru nokkur börn sem þurftu lengri tíma til að aðlagast, og krafðist aðlögunartímabilið því stöðugar nærveru og athygli starfsfólks.

Barnahópurinn var fjölbreyttur, bæði hvað varðar þroska og bakgrunn, en fimm barnanna höfðu fjölbreyttan menningarlegan bakgrunn. Deildarstarfið einkenndist af frjálsum leik, samverustundum og skipulögðum leikstöðvum. Unnið var mikið með matarþemu á borð við ávexti, grænmeti, brauð og kökur, fisk, kjöt og aðrar matvörur. Þessi þemu voru samþætt í daglegt starf barnanna og unnin á fjölbreyttan hátt með ýmsum efnivið.

Börnin nutu útiveru afar vel, og lögðum við áherslu á að nýta tækifæri til útiveru eins oft og aðstæður leyfðu.

Málörvun: Samverustundir voru haldnar einu sinni til þrisvar á dag. Lögð var áhersla á verkefnið *Lubbi finnur málbein*, auk lesturs og söngs sem börnin höfðu mikinn áhuga á. Í samverustundunum var sungið, unnið með hreyfingar tengdar lögunum og var æft að draga spjöld úr söngpökkum til að þekkja lög út frá myndum.

Í vor var flæðilestur innleiddur sem hluti af daglegu starfi. Markmið flæðilesturs er ekki einungis að efla áhuga barna á bókum og lestri, heldur einnig að styrkja orðaforða þeirra, málskilning og lestartengda færni frá unga aldri.

Kennarar eru meðvitaðir um mikilvægi tjáskipta og leggja áherslu á að eiga merkingarbær samtöl við börnin. Þeir beita opnum spurningum bæði í leik og daglegu starfi til að styðja við málþroska og hugsun barnanna.

Styrkleikar:

Börnin sýndu mikinn áhuga á söng, hreyfingu og bókum. Auk þess var Lubbi notaður á markvissan hátt og studdi við orðaforða og málskilning. Þá jók flæðilestur áhuga barna á bókum og efldi málskilning og orðaforða.



Lubbi: Allir starfsmenn deildarinnar þekkja vel til námsefnisins *Lubbi finnur málbein* og nýta það markvisst í daglegu starfi. Eitt máhljóð var kynnt að jafnaði á tveggja vikna fresti.

Á þessu skólaári var innleitt nýtt og skapandi verkefni sem nefnt var *Lubbi fór í helgarfrí*. Í því verkefni fékk hvert barn tækifæri til að taka Lubba bangsa með sér heim um helgina. Lubbi dvaldi hjá barninu og fjölskyldu þess, og fylgdi honum dagbók þar sem foreldrar skráðu stuttlega hvað þau gerðu saman. Verkefnið vakti mikla gleði meðal barnanna sem sýndu eftirvæntingu fyrir heimsókn Lubba og stolta gleði þegar þau sögðu frá ævintýrum hans eftir helgina.



Styrkleikar:

Verkefnið styrkti tengsl heimilis og leikskóla. Börnin voru spennt og áttu auðvelt með að segja frá reynslunni. Áhugi á tjáningu, frásögn og orðaforða varð meiri.

Sjálfsþjálfun: Eitt af markmiðum deildarinnar var sjálfsþjálfun og var lögð áhersla á það í daglega starfinu. Unnið var með sjálfsþjálfun í fataherberginu þar sem börnin eru hvött til að klæða sig sjálf í útiföt. Við aðstoðuðum þeim eins og þurfti og hrósum þeim þegar vel gengur. Einnig var unnið með sjálfsþjálfun í matartímum, þar sem börnin voru að leggja á borð, skammta fyrir sig og ganga frá eftir sér.

Styrkleikar:

Börnin sýndu framfarir og aukið sjálfstæði. Sjálfstraust jókst og börnin fengu tækifæri til að prófa sjálf og fá hrós.





Skráning: Lögð var mikil áhersla á skráningu fyrir persónumöppur barnanna. Foreldrar voru duglegir að koma með fjölskyldumyndir sem börnin gátu skoðað og notað sem uppsprettu í samveru og samtölum. Í möppurnar setjum við fjölbreytt verkefni og ljósmyndir úr daglegu starfi leikskólans.

Styrkleikar:

Persónumöppur sýna þátttöku og þroska hvers barns. Myndirnar styrktu sjálfsmynd barnanna og sköpuðu tækifæri til samtala. Einnig tóku foreldrar virkan þátt.

11 Umbótaáætlun Lundur 2025-2026

Deild/aldur barna	Lundur 1-3 ára
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hæglæti
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Tryggja að börn fái nægan tíma og svigrúm til að efla félagslegan, tilfinningalegan og líkamlegan þroska sinn í gegnum leik og daglegar athafnir. Dagleg dagskrá taki mið af þörfum og áhuga barnanna fremur en föstum ramma.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Tryggja skal að nægur tími sé fyrir hverja athöfn. Lágmarka ber truflanir, svo sem óþarfa skiptistundir. Leggja skal áherslu á að skapa ró og næði á deildinni.
Ábyrgð	Allir
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – Maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Mánaðarlega á deildafundum Skráningar: myndir, setningar, hegðun barna í daglegu starfi. Samtöl við börn í leik.





12 Innra mat sérkennslu Seljakots og Seljaborgar

Lausnateymi: Ekki tókst að halda lausnateymisfundi með deildarstjórum mánaðarlega eins og upphaflega var áætlað. Fundir voru þó haldnir með um það bil 6–8 vikna millibili, einkum í aðdraganda lausnateymisfunda með Suðurmíðstöð. Heildarniðurstaðan var jákvæð, þar sem starf lausnateymisins innan leikskólans reyndist gagnlegt. Samvinna um lausnamiðaða nálgun einkenndi vinnuna, og fagfólk fékk tækifæri til bæði handleiðslu og faglegs samráðs.

Styrkleikar:

Á fundum sköpuðust uppbyggilegar og faglegar umræður auk þess sem deildarstjórum gafst tækifæri til að veita hvor öðrum handleiðslu og miðla reynslu sinni. Á fundunum áttu sér stað ítarlegar og uppbyggilegar umræður en oft reyndist ekki unnt að fara yfir öll málefni á fundartíma. Það hefði verið þörf á að lengja fundartíma eða halda fundi með reglulegri hætti. Í framhaldinu verður unnið markvisst að þessum umbótaþætti með áherslu á að halda fundi með styttra millibili.

Tækifæri

Fundir verða haldnir með styttra millibili til að tryggja rými fyrir faglega umræðu og eftirfylgni.

Virkt sérkennsluteymi: Fundir með sérkennsluteyminu voru haldnir mánaðarlega og þótti sú framkvæmd takast vel. Áfram verður unnið með þennan þátt þar sem reglulegir fundir skipta lykilmáli til að tryggja samfellu í faglegu starfi og stuðla að markvissri handleiðslu.

Styrkleikar

Á þessum fundum sköpuðust góðar og faglegar umræður og voru þeir metnir sem mikilvægur vettvangur fyrir samstarf og handleiðslu allra aðila. Auk þess veittu fundirnir dýpri innsýn í starf sérkennslunnar meðal annars með umfjöllun um einstaklingsbundna vinnu með hverju barni og umræðum um mögulegar leiðir til úrbóta og þróunar.

Tækifæri

Þörf er á að efla samstarf stuðningsaðila og samræma verklag þeirra. Það verður unnið markvisst að því með reglulegum fundum sérkennsluteymisins þar sem samráð, samhæfing og eftirfylgni verða í forgrunni.





Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Teymisfundur stuðningsaðila
Tækifæri til umbóta - Að hverju er stefnt?	Stefnt er að reglulegum teymisfundum með stuðningsaðilum þar sem er rými fyrir faglegt samtal, verklag samræmt og stuðningur veittur.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Teymisfundir 2-3x á önn
Ábyrgð	Sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – Vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Endurmat í desember 2025 og maí 2026. *Hvernig hafa teymisfundir gengið? *Hvað hafa teymisfund gert fyrir sérkennsluteymið? *Þarf að fjölga eða fækka teymisfundum?

14 Innra mat fjölmenningar Seljakots og Seljaborgar

Móttökuáætlun tví- og fjöltyngdra barna: Markmiðið með verkefninu var að þróa móttökuáætlun sem nýtist kennurum og fjölskyldum barna af erlendum uppruna. Sérstök áhersla var lögð á að samræma verklag innan leikskólans með það að leiðarljósi að tryggja markvissan stuðning við nám barna af erlendum uppruna og aðlögun fjölskyldna þeirra. Þrátt fyrir að áætlunin hafi ekki verið fullgerð á yfirstandandi skólaári hefur góð framvinda náðst og vinnan er á réttri leið.

Styrkleikar

Með innleiðingu áætlunarinnar verður tekið á móti öllum börnum af erlendum uppruna á samræmdan hátt. Sérstök áhersla var lögð á tengslamyndun, eflingu félagsfærni og íslenskunám sem tryggir jafnræði og betri aðlögun barna. Næstu skref er að ljúka þróun og útfærslu móttökuáætlunar og tryggja að hún verði formlega innleidd.

Málörvun tvítyngdra barna: Á yfirstandandi skólaári var lögð áhersla á að efla málörvun barna með íslensku sem annað mál. Notast var við fjölbreyttar aðferðir þar á meðal minni málörvunarhópa, markvissar tjáskiptastundir (s.s. Gefðu 10) og aukin áhersla á málleg samskipti í daglegu starfi.





Meginmarkmiðið var að styðja við málþroska barna með íslensku sem annað mál á árangursríkan hátt í gegnum skipulagt og meðvitað starf.

Styrkleikar

Mikil og öflug málörvun fer fram á öllum deildum leikskólans fyrir öll börn. Sérstaklega hefur verið lögð áhersla á að börn með íslensku sem annað mál fái aukin tækifæri til málörvunar og einstaklingsmiðaðan stuðning við málþroska sinn.

Tækifæri

Auka markvissu vinnuna með málörvun tvítyngdra barna með því að þróa skipulagðar lestrarstundir í litlum hópum. Aðferðir og útfærsla taki mið af einstaklingsþörfum og málþroska hvers barns.

15 Umbótaáætlun 2025-2026

Fjölmennning Seljaborg & Seljakot	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Markviss málörvun í lestrarstundum fyrir fjöltyngd börn.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stefnt að því að hafa markvissan lestur með orðaskýringum, og efla orðaforða fjöltyngdra barna með sögulestri.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Útbúa vikulegar lestrarstundir í litlum hópum fyrir fjöltyngd börn þar sem lesin er sama bókin tvisvar í viku og lögð áhersla á fimm orð hverja lestrarstund.
Ábyrgð	Verkefnastjóri fjölmenningar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Á deildarfundi er metið hvernig gengur, farið yfir spurningakönnun til starfsmanna. TRAS og Hæfniramar fylgt út tvisvar á skólaári svo hægt sé að fylgjast með stöðu og framförum barnanna.





16 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Starfsþróunarsamtöl fara fram á vorönn og þegar starfsmaður óskar eftir samtali. Þar fá allir starfsmenn tækifæri til að tjá skoðanir, óskir og væntingar til starfsins. Samtalið er í ca. 30 – 60 mínútur.

Reynt er eftir fremsta megni að gefa starfsmönnum tækifæri til að sækja áhugaverð námskeið sem í boði eru á starfsárinu ef þau eru starfinu til heilla. Mikilvægt er að gefa starfsmönnum tækifæri til að sækja fyrirlestra, ráðstefnur og málþing er varða leikskólastarfið. Símenntun leikskólans tekur mið af stefnu leikskólans, skólanámskrá leikskólans, Aðalnámskrá leikskóla, starfsáætlun Skóla- og frístundasviðs og nýrri Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Starfsmenn eru einnig hvattir til að sækja fræðslu á Torginu sem er stafrænt fræðslukerfi fyrir allt starfsfólk Reykjavíkurborgar. Fræðsla, mat og umræður fara að mestu fram á skipulagsdögum leikskólans.

17 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Áætlun um samstarf leik- og grunnskóla í Seljahverfi 2025 - 2026

- Skólastjórar hittast á samráðsfundi í byrjun september.
- September: Deildarstjórar elstu barna og umsjónarkennarar 1. bekkjar grunnskólanna hittast og ræða komandi skólaár. Þeir fara yfir hvernig skólaheimsóknir gengu og þær endurmetnar. Einnig er farið yfir komandi samstarf á nýju skólaári.
- Október: Gamlir leikskólanemendur koma í heimsókn til okkar úr báðum grunnskólum.
- Nóvember: Heimsóknir elstu barnanna í grunnskólana í litlum hópum.
- Nemendur úr 7. bekk Ölduselsskóla koma og lesa fyrir allar deildir á Degi íslenskrar tungu.
- Febrúar: Elstu börnin fara í heimsókn tvö í grunnskólana.
- Mars: Skólastjórnendur hittast til að ákveða sameiginlega skipulagsdaga fyrir skólaárið 2025 - 2026.
- Maí: Elstu börnin fara í heimsókn þrjú í grunnskólana.
- Júní: Leikskólinn skilar gögnum varðandi börnin til grunnskólann



18 Foreldrasamvinna

Samkvæmt 9. gr. laga um leikskóla skulu foreldrar gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náið samstarf við starfsfólk leikskóla, fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barna. Foreldrar skulu jafnframt eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna. Eigi í hlut foreldrar sem tala ekki íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja þeim túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta heimila og skóla.

- Boðið er upp á valfrjáls foreldraviðtöl í nóvember 2025
- Foreldraviðtöl verða fyrir alla foreldra í febrúar/mars 2026 og í maí/júní fyrir foreldra barna sem hefja grunnskólagöngu að hausti.
- Við minnum einnig á að foreldrar geta alltaf fengið viðtal ef þess er óskað.
- Kynningarfundur fyrir foreldra barna sem byrja í leikskólunum sumar/haust 2026 verður haldinn í maí/júní 2026 og/eða foreldrar verða boðaðir í viðtal eftir því sem við á.
- Allir nýir foreldrar eru boðaðir í viðtal áður en aðlögun hefst.

Foreldraráð

Í foreldraráði sitja þrír til fimm foreldrar auk leikskólastjóra. Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi (Lög um leikskóla 90/2008).

Foreldrafélag

Starfandi eru foreldrafélög í Seljakoti og Seljaborg. Foreldrafélögin standa fyrir ýmsum uppákomum bæði utan og innan leikskólatíma og hefur borið kostnað af ýmsu sem við myndum annars ekki gera, eins og t.d. leiksýningar. Ferðir utan leikskólatímans eru skemmtileg viðbót við leikskólastarfið og gefur fjölskyldum leikskólabarnanna tilefni til að kynnast og skemmta sér saman.

Skráningardagar eru eftirfarandi:

Vetrarfrí að hausti: 24., 27. og 28. október 2025

Jólafrí: 29. - 30. desember 2025

Vetrarfrí: 19. - 20. febrúar 2026

Dymbilvika: 30. mars - 1. apríl 2026

19 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Mánudagur 29. September, allir skólar í Seljahverfi

Mánudagur 13. október

Föstudagur 21. Nóvember, allir skólar í Seljahverfi

Föstudagur 6. febrúar

Mánudagur 16. Mars, allir skólar í Seljahverfi

Miðvikudagur 13. Maí

Við fáum sex daga á ári til að skipuleggja leikskólastarfið og til að stunda símenntun. Að þessu sinni er þrír dagar á starfsárinu samræmdir þ.e. allir leikskólar og grunnskólar í Seljahverfi eru með starfsdaga 29. september, 21. nóvember og 16. mars.

Réttur til breytinga á skipulagsdögum er áskilinn





Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla: **Seljakot & Seljaborg**

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚÁR		MARS		APRÍL		MÁI		JÚNÍ		JÚLÍ								
1	F	1	M	1	M	1	L	1	M	1	F	1	S	1	S	1	M	1	F	1	M	1	M							
2	L	2	P	2	F	2	S	2	P	2	F	2	M	2	M	2	F	2	L	2	P	2	F							
3	S	3	M	3	F	3	M	3	M	3	L	3	P	3	P	3	F	3	S	3	M	3	F							
4	M	Fridagur verslunanna	4	F	4	L	4	P	4	F	4	S	4	M	4	M	4	L	4	M	4	F	4	L						
5	P	5	F	Gullur dagur	5	S	5	M	5	F	Reður d / Aðventukaffi	5	M	5	F	Vasalagsdagur	5	P	5	P	5	F	5	S						
6	M	6	L	6	M	6	F	6	L	6	P	Þretándin	6	F	6	F	6	M	6	M	6	L	6	M						
7	F	7	S	7	P	7	F	7	S	7	M	7	M	7	L	7	P	7	F	7	F	7	S	7	S	7	M	annadagurinn	7	P
8	F	8	M	8	M	8	L	8	M	8	F	8	F	8	S	8	M	8	F	8	F	8	M	8	M					
9	L	9	P	9	F	9	S	9	P	9	F	9	F	9	M	9	F	9	L	9	L	9	P	9	F					
10	S	10	M	10	F	10	M	10	M	10	L	10	P	10	P	10	F	10	S	10	S	10	M	10	F					
11	M	11	F	11	L	11	P	11	F	11	S	11	S	11	M	11	L	11	M	11	M	11	F	11	L					
12	P	12	F	12	S	12	M	12	F	12	M	12	F	12	F	12	S	12	P	12	P	12	F	12	S					
13	M	13	L	13	M	13	F	13	L	13	P	13	P	13	F	13	F	13	M	13	M	13	S	13	L					
14	F	14	S	14	P	14	F	14	S	14	M	14	L	14	L	14	P	14	F	14	P	14	S	14	P					
15	F	15	M	15	M	15	L	15	M	15	F	15	F	15	S	15	M	15	F	15	F	15	M	15	M					
16	L	16	P	16	F	16	S	16	P	16	F	16	F	16	M	16	S	16	L	16	L	16	P	16	F					
17	S	17	M	17	F	17	M	17	M	17	L	17	P	17	P	17	P	17	S	17	M	17	L	17	F					
18	M	18	F	18	L	18	P	18	F	18	S	18	S	18	M	18	L	18	M	18	M	18	F	18	L					
19	P	19	F	19	S	19	M	19	F	19	M	19	M	19	F	19	S	19	P	19	P	19	F	19	S					
20	M	20	L	20	M	20	F	20	L	20	P	20	P	20	F	20	M	20	M	20	M	20	L	20	M					
21	F	21	P	21	S	21	F	21	S	21	M	21	M	21	L	21	P	21	F	21	F	21	S	21	P					
22	F	22	M	22	M	22	L	22	M	22	F	22	F	22	S	22	M	22	F	22	F	22	M	22	M					
23	L	23	P	23	F	23	S	23	P	23	F	23	M	23	M	23	F	23	L	23	L	23	P	23	F					
24	S	24	M	24	F	24	M	24	M	24	L	24	P	24	P	24	F	24	S	24	S	24	M	24	F					
25	M	25	F	25	L	25	P	25	P	25	S	25	M	25	M	25	L	25	M	25	M	25	F	25	L					
26	P	26	F	26	S	26	M	26	M	26	M	26	F	26	F	26	S	26	P	26	P	26	F	26	S					
27	M	27	L	27	M	27	F	27	L	27	P	27	P	27	F	27	M	27	M	27	M	27	L	27	M					
28	F	28	S	28	P	28	F	28	S	28	M	28	M	28	L	28	P	28	F	28	F	28	S	28	P					
29	F	29	M	29	M	29	L	29	M	29	F	29	F	29	M	29	M	29	F	29	F	29	M	29	M					
30	L	30	P	30	F	30	S	30	P	30	F	30	F	30	M	30	F	30	L	30	L	30	P	30	F					
31	S	31	F	31	M	31	L	31	M	31	L	31	P	31	P	31	S	31	S	31	S	31	F	31	F					

I reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vísun þessa dags sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldrar, að viðkomandi leikskóla hvort leikskólin verði opnir allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.



F. h. Seljabogar og Seljakots

Hulda Karen Eyjólfsdóttir og Sigríður Kristín Jónsdóttir

Leikskólastjóri





Starfsáætlun 2025 – 2026 Seljakots og Seljaborgar

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólanna skipa:

Gísli Birgir Sveinsson Seljaborg

Hildur Sif Pálmarsdóttir Seljakoti

Sif Guðmundsdóttir Seljaborg

Steinunn Anna Baldvinsdóttir Seljakoti





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Mjög aðgengileg og vel upp sett.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Góð innsýn í starfið og starfsumhverfi. Jákvætt að starfsfólki virðist líða vel í vinnunni. Það er fyrir mér grundvallaratriði til að börnunum geti liðið vel.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Það væri gaman að fá inn upplýsingar frá nýjum stjórnendum, hver séu þeirra helstu markmið og áherslur á næsta skólaári?

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Gísli Birgir Sveinsson

Hildur Sif Pálmarsdóttir

Sif Guðmundsdóttir

Steinunn Anna Baldvinsdóttir







Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



